



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 19. nóvember 2024
24102108/100.01 JVK

Fjárhagsáætlun 2025 – breytingartillögur á milli umræðna

Tillaga 1

Að fresta umræðu og ákvörðun um tillögu bæjarstjóra um framlag til stúku við aðalvöll HK. Fyrirliggjandi tillaga bæjarstjóra er að ráðstafa til stúkubyggingarinnar 800 mkr. á árinu 2025, 800 mkr. árið 2026 og 400 mkr. árið 2027. Samtals 2.000 mkr. Til skýringar tillögunni: "Hefja framkvæmdir 2025. Kostnaðaráætlun og möguleg áfangaskipting í vinnslu."

Forsaga málsins er sú að árið 2012 var íþróttafélaginu HK lofað að byggður yrði utanhúss knattspyrnuvöllur við íþróttasvæði félagsins. Þetta var gert í kjölfarið á að bænum var skipt upp með tilliti til landsvæðis og íþróttafélaganna HK og Breiðabliks. Breiðablik fékk þá íþróttasvæði við Fagralund til umráða ásamt íþróttasvæði við Smárann. Íþróttasvæði HK er eingöngu í efri byggðum Kópavogs. Undanfarið hefur knattspyrnudeild HK leikið heimaleiki sína í innandyrna í knatt húsi Kórsins en er sá völlur á undanþágu hjá Knattspyrnusambandi Íslands.

Við yfirferð á tillögum um fjárfestingaráætlun 2025 var tillaga um byggingu aðalvallar HK, sem uppfyllir kröfu Knattspyrnusambands Íslands, ásamt kostnaðaráætlun kynntar. Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir 2.000 m.kr. Fjárhæðin mun taka breytingum þegar endanleg tillaga liggur fyrir og verður lögð fyrir bæjarráð. Jafnframt getur þessi dreifing fjármagns breyst í samræmi við framvindu verkefnisins eins og er alþekkt í framkvæmdum og fjárhagsáætlunargerð. Til að uppfylla kröfur KSÍ þarf flóðlýstan knattspyrnuvöll, stúku með sætum fyrir allt að 1.200 manns, aðstöðu fyrir fjölmiðla, dómara, lyfjaeftirlit og búningsklefa samkvæmt leiðbeiningum KSÍ. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina tekur mið af reynslu af sambærilegum verkefnum, en eins og framan greinir munu þær taka breytingum miðað við ákvörðun bæjarráðs og samráð við hagsmunaaðila.

Tillaga sem kynnt verður í bæjarráði á komandi vikum er byggð á kröfum KSÍ og henni fylgir kostnaðarmat miðað við þá forhönnun sem hefur átt sér stað. Í fjárhagsáætlun 2024 var gert ráð fyrir fjármagni til verkefnisins og hefur það verið unnið samkvæmt fyrirliggjandi heimild.

Þegar kostnaður vegna framkvæmda er til umfjöllunar er mikilvægt að hafa í huga að hér er um að ræða framkvæmd sem verður í notkun í fjölmörg ár (+50 ár) og því er eðlilegast að meta fjármagnskostnað vegna hennar sem raunvexti af langtíma lánum



og horfa fram hjá verðbótum, því tekjur bæjarins, sem eiga m.a. að standa undir framkvæmdum eru líka verðtryggðar horft fram í tímann. Eins og við aðrar framkvæmdir, þá verður þessi framkvæmd fjármögnuð af handbæru fé á framkvæmdartíma og bærinn mun afla sér langtímafjármagns eftir þörfum.

Ef við gefum okkur að stúkan sé fjármögnuð 100% með langtímalánum. Vextir (þar með ávöxtunarkrafa) hafa verið nokkuð háir en væntingar standa til að þeir muni lækka. Ekki er ótrúlegt að innan ekki svo langs tíma verði þeir komnir á svipað ról og þeir voru í lok síðasta áratugar, eða 2-3%.

Miðað við framangreindar forsendur má reikna með að raunvextir á framkvæmdartíma verði 8-12 m.kr. á fyrsta ári (m. v. 2-3% raunvexti), 24-36 m.kr. á öðru ári og 28-42 m.kr. á þriðja ári. Eftir það er kostnaðurinn 40-60 m.kr. á ári m. v. að ekkert sé borgað niður af láninu. Fjármögnun með KOP24 nær fram til ársins 2055, eða 30 ár. Sá flokkur ber 3,25% vexti en með lækkandi ávöxtunarkröfu verða bréfin seld á yfirgengi þannig að virkir vextir verða jafnir ávöxtunarkröfunni.

Til að setja ofangreindan vaxtakostnað í samhengi er í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 þegar gert ráð fyrir árlegri hagræðingu fyrir um 40 milljónir króna sem dugar fyrir áætluðum vaxtakostnaði ef til þess kæmi næstu þrjú árin.

Að lokum má nefna, að fyrirhugað er að úthluta lóðum á þjónustusvæði HK. Því má líta á keppnisvöllinn og stúkuna sem mannvirki sem styrkir innviðina í efri byggðum Kópavogs og eflir enn frekar liðsheild og andann sem íbúar hafa beðið eftir frá 2012. Endurgjald (tekjur) fyrir úthlutaðar lóðir á þessu svæði (Vatnsendahvarf, Vatnsendahlíð) munu draga verulega úr lánsfjárpörf bæjarins þannig að óvíst er hve mikið þarf að taka að láni vegna þessarar framkvæmdar þegar upp er staðið. Hjá Kópavogsbæ hefur fjármögnun framkvæmda verið þannig að einstakar framkvæmdir og fjárfestingar eru ekki fjármagnaðar sérstaklega, heldur eru umsvif bæjarins sem heild fjármögnuð á hverjum tíma. Leitast er þannig við að lágmarka vaxtakostnað og nýta fjármagn sem inn kemur sem best til að halda niðri fjármagnskostnaði.

Í ljósi þess sem að framan greinir leggur bærarstjóri til að tillögunni verði hafnað.

**Tillaga 2**

Að hefja án dráttar vinnu að deiliskipulagi fyrir þann hluta Kársness sem ekki hefur verið deiliskipulagður. Ljúka rammaskipulagi fyrir miðbæ Kópavogs og í framhaldinu deiliskipulagi fyrir Digranesið. Í fjárhagsáætlun 2025 verði x m.kr. sérmerktar þessu viðfangsefni.

Gróflega má gera ráð fyrir að vinna við deiliskipulag fyrir þann hluta Kársness sem ekki hefur verið deiliskipulagður myndi kosta 50-60 m.kr

Í fjárhagsáætlun 2025 er lagt til að fjármagn fari í umfangsmikil skipulagsmál:

Verkefni	Upphæð 2025 (m. kr)
Heildarskipulag miðbæjarsvæðis	30
Auðbrekkusvæði	50
Borgarlína – deiliskipulag fyrstu lotu	40
Heildarsýn fyrir Kópavogsdal	30

Í umfangsmiklum skipulagsverkefnum er þátttaka íbúa mikilvæg og því þarf einnig að huga að möguleikum íbúa til að kynna sér og fylgjast með framgangi verkefnanna. Í ljósi þessa er ef til vill ekki ráðlegt að hafa fleiri umfangsmikil verkefni í gangi á sama tíma m.t.t skipulagi samráðs og þátttöku íbúa.

Nýverið lauk vinnu við byggðarkönnun Kársness sem er mikilvægur þáttur í áframhaldandi skipulagsvinnu. Þá stendur til að vinna sambærilega byggðarkönnun fyrir Digranes en verkefnið er styrkt af Minjastofnun. Í kjölfarið á því væri hægt að hefja vinnu við ódeiliskipulögð svæði í Kópavogi en mikilvægt er að hafa samfellu í stefnu og skipulagningu skipulagsdeildar.

Í ljósi þess sem að framan greinir leggur bærarstjóri til að tillögunni verði hafnað.

Tillaga 3

Að afla sérfræðiúttektar á embætti byggingarfulltrúa og tillagna um hvernig styrkja má embættið til að gegna sínu veigamikla, lögbundna hlutverki.

Yfirferð á starfsemi byggingarfulltrúa stendur yfir á umhverfissviði. Að svo stöddu er ekki talið að til þurfi sérstakt fjármagn í þá vinnu, heldur rúmast sú vinna innan núverandi ramma.

Í ljósi þess sem að framan greinir er ofangreind vinna í gangi og því leggur bærarstjóri til að tillögu um aðra úttekt verði hafnað.



Tillaga 4

Að tryggja nægilega, sérgreinda fjármuni til að fylgja eftir endurskoðun á bæjarmálasamþykkt og nefndakerfi bæjarins. Vel skipulögð og fagleg innleiðing er forsenda þess að allir hlutaðeigandi tileinki sér nýja og lýðræðislega stjórnarhætti með skýrri ábyrgð og hlutverkum.

Undir deild bæjarstjórnar eru áætlaðir fjármunir til að sinna þessu verkefni.

Í ljósi þess sem að framan greinir er verið að sinna þessu verkefni og fjármagn áætlað til þess. Bæjarstjóri leggur því til að hafna tillögu um enn frekari fjármuni undir þennan lið.

Tillaga 5

Að endurskoða skipulag dagskrár bæjarstjórnarfunda, þannig að einstök mál séu rædd í samfellu. Með skipulagðri umfjöllun um mál á dagskrá bæjarstjórnarfunda verða skoðanaskipti milli bæjarfulltrúa markvissari og auðveldara að fylgjast með umræðu. Bæjarstjórnarfundir eiga að vera opin gátt íbúa til að kynnast störfum og ákvörðunum bæjarstjórnar. Því er lagt til að leggja nauðsynlega fjármuni til upplýsingatækni til að gera íbúum aðgengilegt að fylgjast með umræðu og afgreiðslu einstakra mála, sem þeir hafa áhuga á.

Undir deildinni 21011 bæjarstjórn eru áætlaðir fjármunir til að sinna þessu verkefni. Hér er óljóst hvers konar upplýsingatækni verið er að horfa til og hver fjárfestingin er. Fyrsta skref er að skipuleggja bæjarstjórnarfundir með þeim hætti þannig að umræður séu skipulagðar vel undir hverjum lið. Vonir eru bundnar við breytingar samhliða breytingum á bæjarmálasamþykkt.

Í ljósi þess sem að framan greinir leggur bæjarstjóri til að tillögunni verði hafnað.

Tillaga 6

Ráðnir verði a.m.k. tveir ÍSAT farkennarar til stuðnings við lestrarkennslu barna með erlendan bakgrunn á yngsta stigi. Starfsfólki skóla með erlendan bakgrunn verði boðið upp á íslenskunámskeið og foreldrum barna með erlendan bakgrunn upp á námskeið í íslensku með áherslu á skólatungumálið. Tryggja að öll börn með erlendan bakgrunn fái aðstoð við heimanám eftir skóla.

Nú þegar setur Kópavogsbær árlega 280 milljónir króna í ÍSAT kennslu og gert er ráð fyrir 15 milljónum til viðbótar í fjárhagsáætlun 2025. Áætlaður launakostnaður vegna tveggja farkennara væri um 24 milljónir króna til viðbótar. Öllum er ljóst að það þarf að styðja vel við ÍSAT nemendur en lausnin getur verið margþætt. Mikilvægt er jafnframt að huga að öðrum leiðum til að mæta þörfum ólíkra nemenda eins og að bjóða upp á meira einstaklingsmiðað nám með tæknilausnum.

Menntasvið er stöðugt að leita leiða til að mæta betur þörfum barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og styðja betur við kennara. Vonir standa til að þróun gervigreindar í skólastarfi muni stuðla að öflugra og markvissara námi og kennslu allra barna í Kópavogi.



Mannauðsdeild Kópavogsbæjar hefur skipulagt ýmis íslenskunámskeið fyrir starfsmenn. M.a. hefur verið boðið upp á námskeið sem hentar fyrir 10-15 manns í einu en hvert námskeið kostar um 450.000 krónur.

Samkvæmt áætlun mannauðsdeildar skiptist þörf erlendra starfsmanna Kópavogsbæjar eftirfarandi:

Mikil þörf: 57

Miðlungs þörf: 69

Lítill sem engin þörf: 154

Áætlað er að reyna að bjóða öllu fólki með mikla eða miðlungs þörf upp á íslenskukennslu á næsta ári, að hluta til með staðnámskeiðum og að hluta til með aðgangi að „Bara tala“.

Kópavogsbær hefur hingað til ekki boðið upp á íslenskunámskeið fyrir foreldra. Ef boðið yrði upp á eitt námskeið í hverjum grunnskóla fyrir 10-15 foreldra væri kostnaðurinn um 450.000 krónur eða 4.500.000 krónur fyrir 10 námskeið (verð miðast við sambærileg námskeið og boðið er upp á fyrir starfsmenn).

Kópavogsbær hefur lagt ríka áherslu á að taka vel á móti börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn þegar þau skrá sig í grunnskóla, kynna skólafarfið vel fyrir foreldrum þeirra og styðja við þau. Menntasvið og velferðarsvið leggja áherslu á að efla enn frekar móttöku barna og fjölskyldna þeirra í þeim tilgangi að styrkja samstarf, samskipti og stuðning við fjölskylduna alla.

Ekki hefur verið boðið upp á skipulagða aðstoð við heimanám fyrir öll börn með erlendan bakgrunn. Ef boðið væri upp á slíka aðstoð væri mögulegt að gert væri tilkall til sambærilegrar þjónustu fyrir önnur börn að auki. Kostnaður fer eftir umfangi. Hér að neðan eru dæmi sem sýna kostnað m.v. dæmi um mismunandi umfang:

- Ef boðið væri upp á 1 tíma á viku fyrir hvern árgang í hverjum skóla, þá væru það samtals 90 tímar á viku í Kópavogi. Kostnaður væri um 35-40 m.kr. á ári.
- Ef boðið væri upp á 1 tíma á viku fyrir hvert skólastig í hverjum skóla, þá væru það samtals 27 tímar á viku í Kópavogi. Kostnaður væri um 10-12 m.kr. á ári.

Í ljósi þess sem að framan greinir leggur bærarstjóri til að tillögunni verði hafnað.



Tillaga 7

Fylgja eftir tillögum verkefnastjóra samstarfsverkefnis Kópavogsbæjar, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um málaflokk heimilislausra. Tryggja framboð á húsnæði samkvæmt hugmyndafræði Housing First (húsnæði fyrst: HF). Koma á fót sameiginlegu vettvangs- og ráðgjafarteymi að fyrirmynd Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar sem aðstoðar heimilislaus einstaklinga sem hafa fengið úthlutað húsnæði sem og einstaklinga sem hvergi hafa höfði sínu að halla að næturlagi eða búa við ótryggar húsnæðisaðstæður.

Árið 2022 hófst formlegt samráðsverkefni sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um málefni heimilislausra með miklar og flóknar stuðningsþarfir. Vinna við verkefnið hófst formlega í ágústmánuði sama árs og var Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir lögfræðingur ráðin sem tímabundinn verkefnastjóra til 6 mánaða til þess að leiða verkefnið, kortleggja stöðuna og koma með tillögum.

Bæjarstjórn Kópavogsbæjar hafði þá þegar samþykkt fjárheimildir til þess að standa straum af kostnaði vegna vinnu verkefnastjóra og skiptu sveitarfélögin kostnaði á milli sín og var miðað við íbúafjölda. Skýrsla með endanlegum tillögum var lögð fyrir fund Stjórnar SSH þann 17. apríl 2023. Frá því skýrsla verkefnastjóra var lögð fram hefur verið fjallað um tillögurnar og framgang einstakra verkefna reglulega á fundum velferðarráðs Kópavogsbæjar.

- Á fundi velferðarráðs Kópavogsbæjar þann 26. apríl 2024 var lögð fram fyrirspurn aðalmanns Pírata þar sem óskað var eftir minnisblaði um stöðu mála varðandi samráðsverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarfir.
- Á fundi velferðarráðs Kópavogsbæjar þann 27. maí 2024 var lagt fram svar við fyrirspurn aðalmanns Pírata í formi minnisblaðs sviðsstjóra um stöðu mála er varðar þjónustu við heimilislaus einstaklinga með flóknar og umfangsmiklar þjónustufarfir.
- Á fundi velferðarráðs Kópavogsbæjar þann 18. júní 2024 var lögð fram tillaga aðalmanns Pírata sem velferðarráð tók undir og samþykkti og var svohljóðandi:
"Velferðarráð samþykkir að við endurskoðun velferðarstefnu Kópavogs haustið 2024 verði mótuð stefna Kópavogsbæjar í málefnum heimilislausra. Stefnan mæli fyrir um hvernig þjónustu við heimilislaus skuli háttað og taki mið af þörfum hópsins, byggja á skaðaminnkandi nálgun og miði að því að tryggja hópnum aðgengi að þjónustu og húsnæði án strangra skilyrða. Í samræmi við tillögur skýrslu verkefnastjóra samstarfsverkefnis í málefnum heimilislausra verði unnið út frá kjarna þeirrar hugmyndafræði að húsnæði sé grunnþörf sem þarf að mæta áður en tekist er á við annan vanda sem einstaklingur kann að kljást við, svo sem fíknig-og/eða geðvanda."



- Á fundi velferðarráðs Kópavogsbæjar þann 14. október 2024 var samþykkt tillaga sviðsstjóra þess efnis að taka að nýju þátt í lengri opnun á kaffistofu Samhjálpur líkt og síðasta vetur.

Í aðgerðaáætlun velferðarsviðs fyrir árið 2025 er sérstaklega vikið að málaflokki heimilislausra með flóknar þjónustufarir þar sem brýnt er að stefna velferðarsviðs og áherslur er varða þróun uppbyggingu húsnæðis, fræðslu og þekkingu á málaflokknum sé efla og styrkt.

Í ofangreindri tillögu er sérstaklega vikið að þátttöku í vettvangs- og ráðgjafarteymi (VOR teymið) sem og huga að tryggu framboði húsnæðis í anda Housing first. Frá því að skýrsla verkefnastjóra með ýmsum tillögum var kynnt hefur samráðshópur stjórnenda í velferðarþjónustu sveitarfélaga (SSH VEL) fjallað iðulega um efnistöð skýrslunnar og sammælt um forgangsriðun verkefna. Gengið var til samninga við Samhjálp um lengda opnun á kaffistofu Samhjálpur veturinn 2023-2024 sem þótti ganga vel og var því ákveðið að endurnýja þann samning fyrir veturinn 2024-2025 og er nú um 5 mánaða verkefni að ræða sem öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu taka þátt í.

Sveitarfélögin öll sammæltust um að í stað þess að gengið yrði til samninga við aðila um rekstur dagseturs að þá yrði gengið til samninga við Samhjálp um lengda opnun á kaffistofu Samhjálpur sem brúar bilið frá því að gistiskýli Reykjavíkurborgar, sem Kópavogsbær er með þjónustusamning við um þjónustuna, lokar og þar til kaffistofan opnar. Samráðsvettvangur SSH VEL hefur því lagt áherslu á að horfa til aðgerða og verkefna sem hægt væri að hefja og væru innan gildandi fjárheimilda þar sem málaflokkurinn er brýnn og þarf styrkingar við.

Miðað við útreikninga vegna þátttöku Kópavogsbæjar í VOR teymi sem miðar að því að um væri að ræða 2 viðbótarstöðugildi, yrði kostnaðarhlutdeild Kópavogsbæjar um 8 m.kr. á ársgrundvelli og tekur upphæðin mið af íbúafjölda.

Vilji er hjá velferðarsviði Kópavogsbæjar að setja á laggirnar ráðgjafarteymi eða bakhóp um málefni heimilislausra með flóknar og miklar stuðningsþarfir og þeirra fagaðila sem starfa innan málaflokksins hjá sveitarfélögunum. Sviðsstjóri velferðarsviðs hefur ávarpað þá tillögu á samráðsvettvangi SSH VEL hópsins og er framkvæmdastjóri SSH einnig upplýstur um jákvæða afstöðu vegna þessa.

Þar sem ekki liggur fyrir hversu umfangsmikil vinna VOR teymis felst í að þjónustu íbúa með lögheimili utan Reykjavíkurborgar er tillaga til umræðu um að setja á laggirnar óformlegri samráðsvettvang til þess að byrja með sem getur kortlagt betur stöðu þeirra einstaklinga sem um ræðir án þess að kosta þurfi til viðbótarstöðugildum.

Forsenda þess að Kópavogsbær tæki þátt í eflingu VOR teymis er háð þátttöku allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í verkefninu og þyrfti því að fjalla um á vettvangi Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Í ljósi þess sem að framan greinir leggur bæjarstjóri til að tillögunni verði hafnað.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026